

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 460/2014

2014/EES/73/34

frá 5. maí 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 823/2012 að því er varðar lokadag samþykkis fyrir virka efninu sýflútríni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum annarri málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Lokadegi samþykkistímabils fyrir virka efnið sýflútrín, sem er settur fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011⁽²⁾, var frestað til 31. október 2016 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2012⁽³⁾ til að gera umsækjendum kleift að virða þriggja ára fyrirvarann sem er krafist skv. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Ekki var lögð fram umsókn um endurnýjun samþykkis fyrir virka efninu sýflútríni innan þriggja ára fyrirvarans.
- 3) Þar eð slík umsókn var ekki lögð fram er rétt að fastsetja lokadagsetninguna sem hina fyrstu sem unnt er eftir upphaflega lokadagsetningu, eins og hún var fastsett fyrir samþykkt reglugerðar (ESB) nr. 823/2012.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 823/2012 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 823/2012

Ákvæðum 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 823/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2) 31. október 2016 að því er varðar virku efnin: deltametrín (færsla 40), 2,4-DB (færsla 47), betasýflútrín (færsla 48), ípródíón (færsla 50), malínhýdrasið (færsla 52), flúrtamón (færsla 64), flúfenaset (færsla 65), joðsúlfúrón (færsla 66), dímetenamíð-P (færsla 67), píkoxystróbín (færsla 68), fosfíasat (færsla 69), silþíófam (færsla 70) og *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660) (færsla 71),“.

- 2) Eftirfarandi 5. liður bætist við:

„5) 30. apríl 2014 að því er varðar virka efnið: sýflútrín (færsla 49).“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(²) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2012 frá 14. september 2012 um að víkja frá framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar lokadag samþykkis fyrir virku efnunum 2,4-DB, bensósýru, betasýflútríni, karfentrasónetýli, *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660), sýasófamíði, sýflútríni, deltametríni, dímetenamíði-P, etófúmesati, etoxýsúlfúróni, fenamídoni, flasasúlfúróni, flúfenaseti, flúrtamóni, föransúlfúróni, fosfíasati, ímasamoxi, ídósúlfúróni, ípródíóni, ísoxaflútóli, línúróni, malínhýdrasiði, mekóprópi, mekóprópi-P, mesósúlfúróni, mesótríóni, oxadiargýli, oxasúlfúróni, pendímetalíni, píkoxystróbíni, própíkónasóli, própínebi, própoxýkarbasóni, própýsamíði, pýraklóstróbíni, silþíófami, trifloxystróbíni, varfaríni og soxamíði (Stjtið. ESB L 250, 15.9.2012, bls. 13).

(³) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
